

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 805/1999

frá 16. apríl 1999

um sérstakar ráðstafanir til framkvæmdar á reglugerð ráðsins (EB) nr. 718/1999 um stefnu bandalagsins varðandi flutningsgetu flotans er miðar að því að efla flutninga á skipgengum vatnaleiðum(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 718/1999 frá 29. mars 1999 um stefnu bandalagsins varðandi flutningsgetu flotans er miðar að því að efla flutninga á skipgengum vatnaleiðum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 718/1999 verður framkvæmdastjórnin að ákveða hagnýtt fyrirkomulag á framkvæmd stefnu bandalagsins varðandi flutningsgetu flotans, sem er skilgreind í þeirri reglugerð.

Ráðlegt er að halda fjárhæðum sérstöku framlaganna og jafngilda tonnafjöldanum sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1102/89 ⁽²⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 241/97 ⁽³⁾ og (EB) nr. 241/97, þar eð þetta hefur reynst vel.

Rétt er að leiðrétta þau ólíku hlutföll sem um getur í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 718/1999 í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2812/94 ⁽⁴⁾ þegar um tankskip er að ræða, reglugerð (EB) nr. 2310/96 ⁽⁵⁾ þegar um stjakbáta er að ræða og reglugerð (EB) nr. 742/98 ⁽⁶⁾ þegar um þurrflutningaskip er að ræða.

Til að tryggja gagnkvæman fjárstuðning milli vatnaleiðasjóðanna er æskilegt að framkvæmdastjórnin, með aðstoð frá fulltrúum sjóðanna, hlutist til um að í upphafi hvers árs sé það fjármagn, sem tiltækt er í varasjóði, gert upp og reikningarnir stemmdir af komi til nýrra umbótaráðstafana.

Samráð hefur verið haft við hlutaðeigandi aðildarríki og samtök sem eru í fyrirsvari fyrir flutningastarfsemi á skipgengum vatnaleiðum á vettvangi bandalagsins varðandi ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

SAMBÝKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Með þessari reglugerð er ákvörðuð fjárhæð sérstöku framlaganna, sem um getur í 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 718/1999, hlutföllin með tilliti til reglunnar „gamalt fyrir

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 103, 20.4.1999, bls. 5, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/1999 frá 24. september 1999 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 90, 2.4.1999, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 116, 28.4.1989, bls. 30.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 40, 11.2.1997, bls. 11.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 298, 19.11.1994, bls. 22.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 313, 3.12.1996, bls. 8.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 103, 3.4.1998, bls. 3.

nýtt“ og hagnýtt fyrirkomulag stefnunnar varðandi flutningsgetu flota bandalagsins.

SÉRSTÖK FRAMLÖG

2. gr.

1. Sérstök framlög fyrir mismunandi gerðir og flokka skipa skulu vera milli 70% og 115% af eftirtöldum fjárhæðum:

- Þurrflutningaskip:
- vélknúnir prammar: 120 evrur á hvert tonn,
- stjakprammar: 60 evrur á hvert tonn,
- dregnir prammar: 43 evrur á hvert tonn.
- Tankskip:
- vélknúnir prammar: 216 evrur á hvert tonn,
- stjakprammar: 108 evrur á hvert tonn,
- dregnir prammar: 39 evrur á hvert tonn.
- Stjakbátar:

180 evrur/kW með línulegri aukningu í 240 evrur/kW þegar hreyfiafl er jafnt og eða meira en 1000 kW.

2. — Þegar heildarburðargeta skips er undir 450 tonnum skal lækka hámarksfjárhæðir sérstöku framlaganna, sem sett eru fram í 1. mgr., um 30%.

— Þegar heildarburðargeta skips er milli 450 og 650 tonn skal lækka hámarksfjárhæðir sérstöku framlaganna um 0,15% fyrir hvert það tonn sem heildarburðargeta viðkomandi skips er undir 650 tonnum.

— Þegar heildarburðargeta skips er milli 650 og 1650 tonn skulu hámarksfjárhæðir sérstöku framlaganna sýna línulega aukningu úr 100% í 115%. Þegar heildarburðargeta skips er yfir 1650 tonnum skulu hámarksfjárhæðir sérstöku framlaganna áfram vera 115%.

3. Sérstökum framlögum, sem eru gefin upp í evrum, skal breyta í gjaldmiðil viðkomandi sjóða á umreikningsgengi milli evrunnar og gjaldmiðla aðildarríkjanna, sem taka upp evruna, samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 2866/98 ⁽⁷⁾.

JAFNGILDUR TONNAFJÖLDI

3. gr.

1. Þegar eigandi skips tekur í notkun eitt þeirra skipa sem um getur í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 718/99 og býðst til að úrelda skip af annarri gerð skal ákvarða jafngildan tonna fjölda, sem taka á tillit til, innan þeirra tveggja flokka skipa sem tilgreindir eru hér á eftir, í samræmi við eftirfarandi jöfnunarstuðla:

- Þurrflutningaskip:
 - vélknúnir prammar sem eru yfir 650 tonnum: 1,00,
 - stjakprammar yfir 650 tonnum: 0,50,
 - dregnir prammar sem eru yfir 650 tonnum: 0,36.
- Tankskip:
 - vélknúnir prammar sem eru yfir 650 tonnum: 1,00,
 - stjakprammar yfir 650 tonnum: 0,50,
 - dregnir prammar sem eru yfir 650 tonnum: 0,18.

2. Þegar heildarburðargeta skips er undir 450 tonnum skal lækka stuðlana, sem settir eru fram í 1. mgr., um 30%. Þegar heildarburðargeta skips er milli 650 og 450 tonn skal lækka þessa stuðla um 0,15% fyrir hvert það tonn sem heildarburðargeta viðkomandi skips er undir 650 tonnum. Þegar heildarburðargeta skips er milli 650 og 1650 tonn skulu stuðlarnir sýna línulega aukningu úr 100% í 115%.

HLUTFÖLL MEÐ TILLITI TIL REGLUNNAR
„GAMALT FYRIR NÝTT“

4. gr.

Frá 29. apríl 1999 er það að taka skip í notkun háð skilyrðinu sem sett er í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 718/1999.

1. Þegar um þurrflutningaskip er að ræða skal hlutfallið (milli tonna fjölda eldri skipa og nýrra skipa) vera 1:1.
2. Þegar um tankskip er að ræða skal hlutfallið vera 1,30:1.

3. Þegar um stjakbát er að ræða skal hlutfallið vera 0,75:1.

GAGNKVÆMUR FJÁRSTUÐNINGUR

5. gr.

1. Með tilliti til þess að gera upp fjármagn sem er tiltækt í varasjóði eða með tilliti til ráðstafana til að koma á gagnkvæmum fjárstuðningi milli einstakra reikninga hinna ýmsu sjóða, sem um getur í 6. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 718/1999, skal hver sjóður senda framkvæmdastjórninni eftirfarandi upplýsingar í upphafi hvers árs um:

- tekjur sjóðsins á næstliðnu ári að svo miklu leyti sem þær eru ætlaðar til greiðslu úreldingarbóta eða til ráðstafana sem kveðið er á um í 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 718/1999 (R_{dn}),
- fjárskuldbindingar sem sjóðurinn hefur tekið á sig á næstliðnu ári vegna greiðslu úreldingarbóta eða ráðstafana sem kveðið er á um í 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 718/1999 (P_n),
- greiðsluafgang sjóðsins 1. janúar á næstliðnu ári sem verður vegna tekna sem ætlaðar eru til greiðslu úreldingarbóta eða til ráðstafana sem kveðið er á um í 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 718/1999 (S_n).

2. Framkvæmdastjórnin ákvarðar, í samvinnu við sjóðstjórn, á grundvelli upplýsinganna sem um getur í 1. mgr.:

- heildarfjárskuldbindingar sjóðanna á næstliðnu ári vegna greiðslu úreldingarbóta eða ráðstafana sem kveðið er á um í 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 718/1999 (P_t),
- heildartekjur allra sjóðanna á næstliðnu ári (R_{dt}),
- heildargreiðsluafgang allra sjóðanna 1. janúar á næstliðnu ári (S_t),
- árlegar meðalfjárskuldbindingar hvers sjóðs (P_{mn}), reiknaðar samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$P_{mn} = \frac{P_t}{(R_{dt} + S_t)} \times (R_{dn} + S_n)$$

- mismuninn milli árlegra fjárskuldbindinga (P_n) og árlegra meðalfjárskuldbindinga (P_{mn}) hvers sjóðs,
- fjárhæðir sem hver sjóður með árlegar skuldbindingar undir árlegum meðalfjárskuldbindingum ($P_n < P_{mn}$) skal færa yfir í annan sjóð þar sem árlegar fjárskuldbindingar eru meiri en árlegar meðalfjárskuldbindingar ($P_n > P_{mn}$).

3. Hver hlutaðeigandi sjóður skal færa fjárhæðirnar, sem um getur í sjötta undirlitð 2. mgr., yfir til hinna sjóðanna fyrir 1. mars sama ár.

⁽⁷⁾ Stjóð. EB L 359, 31.12.1998, bls. 1.

SAMRÁÐ

6. gr.

Í öllum málum er varða stefnu bandalagsins varðandi flutningsgetu flotans skal framkvæmdastjórnin leita álits hjá hópi sérfræðinga frá stéttarsamtökum sem fara með mál farmflytjenda á skipgengum vatnaleiðum á vettvangi bandalagsins og frá hlutaðeigandi aðildarríkjum. Vísað er til þessa hóps sem „hóps sérfræðinga í flutningsgetu og eflingu flota bandalagsins.“

LOKAÁKVÆÐI

7. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 29. apríl 1999.

Reglugerð (EBE) nr. 1102/89 fellur úr gildi á gildistökudegi þessarar reglugerðar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. apríl 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Neil KINNOCK

framkvæmdastjóri.
